

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2364/2000**2002/EES/23/21**

frá 25. október 2000

um fjórðu skrána yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93(*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ⁽¹⁾, einkum 8. og 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EBE) nr. 793/93 er komið á kerfi til að meta og hafa eftirlit með áhættu sem stafar af skráðum efnum og mælt er fyrir um, ef meta á áhættu samfara slíkum efnum, að borin séu kennsl á þau forgangsefni sem gefa þarf sérstakan gaum að.
- 2) Því ber framkvæmdastjórninni, samkvæmt 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, að taka saman skrá yfir forgangsefni að teknu tilliti til tiltekinna þátta sem taldir eru upp í sömu grein.
- 3) Í 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93 er mælt fyrir um að fyrir hvert efni í forgangsskránni skuli tilnefna aðildarríki sem annast skuli mat á viðkomandi efni. Tryggja ber að aðildarríkin axli jafna byrði þegar efnum er útteilt milli þeirra.

4) Með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1179/94 ⁽²⁾, 2268/95 ⁽³⁾ og 143/97 ⁽⁴⁾ var fyrsta, önnur og þriðja forgangsskrá samþykkt.

5) Ákvæði þessarar reglugerðar eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var komið á fót samkvæmt 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Fjórðu skrána yfir efni sem hafa forgang, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Í skránni eru aðildarríkin, sem skulu annast mat á einstökum efnum, jafnframt tilgreind.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 273, 26.10.2000, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 131, 26.5.1994, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 231, 28.9.1995, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 25, 28.1.1997, bls. 13.

VIÐAUKI

	EINECS-nr.	CAS-nr.	Heiti efnis	Aðildarríki
1	201-029-3	77-47-4	Hexaklórsýklópentaden	NL
2	201-236-9	79-94-7	2,2',6,6'-tetrabrom-4,4'-isóprópylíðendífenól	UK
3	201-853-3	88-72-2	2-nítrótólúen	E
4	202-679-0	98-54-4	4-tert-bútylfenól	N
5	202-696-3	98-73-7	4-tert-bútylbensósýra	D
6	203-539-1	107-98-2	1-metoxýprópan-2-ól	F
7	203-603-9	108-65-6	2-metoxý-1-metýletýlaesetat	F
8	203-905-0	111-76-2	2-bútoxýetanól	F
9	203-933-3	112-07-2	2-bútoxýetýlasetat	F
10	204-015-5	112-90-3	(Z)-oktadek-9-enýlamín	D
11	204-450-0	121-14-2	2,4-dínítrótólúen	E
12	204-695-3	124-30-1	Oktadekýlamín	D
13	213-611-4	994-05-8	2-metoxý-2-metýlbútan	FIN
14	214-946-9	1222-05-5	1,3,4,6,7,8-hexahýdró-4,6,6,7,8,8-hexametýlindenó[5,6-c]pýran	NL
15	215-175-0	1309-64-4	Díantímonýtríoxíð	S
16	215-185-5	1310-73-2	Natríumhýdroxíð	P
17	215-540-4	1330-43-4	Dínatríumtetrabórát, vatnsfrítt	A
18	216-133-4	1506-02-1	1-(5,6,7,8-tetrahydro-3,5,5,6,8,8-hexametýl-2-naftýl)etan-1-on	NL
19	222-068-2	3333-67-3	Nikkelkarbónat	DK
20	231-743-0	7718-54-9	Nikkeldíklóríð	DK
21	232-051-1	7784-18-1	Álflúoríð	NL
22	232-188-7	7789-75-5	Kalsíumflúoríð	NL
23	233-139-2	10043-35-3	Bórsýra, óhreinsuð ⁽¹⁾	A
23a	234-343-4	11113-50-1	Bórsýra	A
24	236-068-5	13138-45-9	Nikkeldínítrat	DK
25	237-158-7	13674-84-5	Tris(2-klór-1-metýletýl)fosfat	IRL/UK

	EINECS-nr.	CAS-nr.	Heiti efnis	Aðildarríki
26	237-159-2	13674-87-8	Tris[2-klór-1-(klórmetýl)etýl]fosfat	IRL/UK
27	247-759-6	26523-78-4	Tris(nónýlfenýl)fosfít	F
28	253-760-2	38051-10-4	2,2-bis(klórmetýl)trímetýlen bís(bis(2-klóretýl)fosfat)	IRL/UK
29	262-976-6	61788-45-2	Vetnuð tólgaralkýlamín	D
30	262-977-1	61788-46-3	Kókosalkýlamín	D

(¹) Inniheldur ekki meira en 85% af H₃BO₃, reiknað út frá þurrvigti.